AGNIÐ

SVH

1. tölublað - 26. árgangur, janúar 2019

- ásamt söluskrá 2019

Útgefandi: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29
200 Hafnarfjörður
Sími: 5654020
Netfang stjórnar: stjorn@svh.is

Heimasíða: www.svh.is

Ábyrgðarmaður:
Vilborg Reynisdóttir

Ritstjóri: Haraldur Víðisson
Netfang ritstjóra: haraldurv@gmail.com

Prentun: Litróf
Upplag: 500 eintök

Þökkum félagsmönnum afnot af ljósmyndum, forsíðumynd: Hlíðarvatn á hreinsunardegi 2018.



Frá formanni

Gleðilegt ár ágætu félagsmenn og konur
Nú þegar sól er farin að hækka aftur á lofti og hver dagur aðeins lengri en í gær, þá er ekki laust við maður verði var við það hjá sjálfum sér að eftirvæntingin eftir sumrinu bankar uppá. Hvernig verður nú þetta ár? Spennan eftir væntanlegum veiðitúrum og tilhlökkunin kemur upp í hugann. Óhjákvæmilegt er að fara að spá í undirbúninginn vegna þeirra. Kíkja í boxin sín, kanna hvað vantar og plana veiðiferðir því nú eru varla nema 2 mánuðir þar til veiðitímabilið byrjar sumstaðar.

Það er ekki úr vegi að fara aðeins yfir síðasta veiðiár hjá okkur. Segja má að veðráttan hafi átt einhverja sök á því að heldur var dræm veiði t.d. í Hlíðarvatni. Ef heildartölur eru skoðaðar þá var það eins hjá hinum veiðifélögunum við vatnið. Þó komu ágætis skot inn á milli þegar ekki var rigning og rok sem mörgum hverjum fannst nóg um. Menn höfðu orð á því að tíðarfarið væri eins og að hausti. Bleikjan virtist halda sig djúpt eða lengra frá landi og því meiri kúnst að nálgast hana. Annars byrjaði veiðin ágætlega strax í byrjun maí sem virtist ætla að gefa tóninn fyrir sumarið. Þó var oft kalt en það virtist ekki trufla fiskinn að taka.

Í hinum vötnunum var veiðin misjöfn eins og oft vill verða. Samkvæmt veiðibók úr Djúpavatni þá var metskráning þetta árið og kannski í raun sú besta sem undirrituð man eftir. Er þetta einkar ánægjulegt og erum við þakklát þeim veiðimönnum sem vatnið sóttu í sumar og skráðu aflann. Nýtingin var mjög góð eins og alltaf. Sífellt fleiri hafa uppgötvað hvílík perla þetta er og þá sérstaklega fjölskyldufólk. Þarna er gott að vera með börn og frekar öruggt svæði fyrir þau.
Kleifarvatn er alltaf erfitt að segja um, þar sem ekki er skráning á afla þar. Þó fengum við reglulega fréttir af aflabrögðum sumar bara nokkuð góðar. Virtist vera svipuð veiði bæði á bleikju og urriða. Stærsti urriðinn sem við vitum um var 12pund. Það er þó ósk okkar að ef menn sjá sér fært að skrá afla þá er hægt að senda inni veiðiskýrslu inni á vef Veiðikortsins sem er í samstarfi við félagið. Gaman væri líka að fá myndir af afla og veiðifréttir sendar til okkar á stjorn@svh.is

Félagsstarfið gekk að venju vel. Opin hús voru ágætlega sótt, sem og lokakvöldið okkar í apríl. Vil ég hvetja alla sem áhuga hafa að kíkja til okkar á fimmtudagskvöldum annað hvort að koma og spjalla og taka jafnvel hnýtingagræjurnar með. Hægt er að sjá vetrardagskrána hér í blaðinu sem og á heimasíðu okkar og fésbókarsíðunni. Hún er nokkuð hefðbundin og er allar ábendinar vel þegnar ef menn vita af erindum eða kynningum sem hægt væri að setja inn til að auka fjölbreytni og fræðslu.

Fyrir stuttu hófum við samstarf við FishPartner með námskeið allskonar sem tengist veiði og er hægt að sjá nánar um það inná heimasíðunni.

Framundan eru umsóknir veiðileyfa og

REGNBOGALITIR
MÁLNINGARÞJÓNUSTA
Sími 891 9890
malarar@simnet.is
Hrólfur Ingi Skagfjörð
Löggiltur málarameistari

Húsamálun • Þakmálun •
Þakviðgerðir • Utanhúsmálun •
Gluggamálun • Gluggaviðgerðir •
Háþrýstiþvottur • Lekaviðgerðir •
Sýlanböðun • Innanhúsmálun •
Lökkun • Spörtlun • Endurmálun •
Viðhaldsþjónusta

fylgir umsóknarblaðið með Agninu.

Síðan er aðalfundur félagsins sem auglýstur er hér í blaðinu. Viljum við í stjórn hvetja ykkur til að mæta. Það er mjög svo ánægjulegt að sjá hve margir nýjir félagar hafa skráð sig hjá okkur og vil ég hvetja þá einnig að heimsækja okkur og kynnast félaginu sínu og endilega kíkja einnig á aðalfundinn.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem styrkt hafa okkur bæði fyrir vinninga vegna happadrættis á lokakvöldinu sem og að styrkja okkur með auglýsingum í blaðið. Stjórn og nefndum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári og ritstjóra vil ég þakka kærlega fyrir ómælda vinnu við gerð blaðsins.

Sjáumst kát og hress
Vilborg Reynisdóttir

Rafgeymar eru okkar fag

Við sérhæfum okkur í sölu og þjónustu á rafgeymum fyrir allar tegundir farartækja. Einnig rafgeyma fyrir gólfþvottavélar, golfbíla, golfkerrur, vinnulyftur ofl.

BERGA BATTERIEN

Þýsku Bergageymarnir eru seldir hjá Rafgeymasölunni

RAFGEYMASALAN
Dalshrauni 17, 220 Hafnarfjörður
Sími 565 4060
www.rafgeymar.is sala@rafgeymar.is

Kastnámskeið á vegum:
SVH, SVFR og Kastklúbbs Íslands

Öll námskeiðin eru fjórir sunnudagar frá kl: 20:00 til 22:00 og fara fram í TBR húsinu, Gnoðarvogi 1, 104 Reykjavík.

Allur útbúnaður er á staðnum, þó er þeim sem koma bent á að taka með sér góða inniskó, helst íþróttaskó.

Næstu námskeið framundan eru alla sunnudaga í apríl:
Nánari upplýsingar í síma: 8967085

leyfi.is

Við hjá SVH sendum öll okkar óseldu leyfi inn á söluvefinn www.leyfi.is

Fylgist með þar þegar fer að vora, þar er einnig hægt að skrá sig á óskalista.

Aðalfundur 2018 - úrdráttur

Aðalfundur 2018 var haldin 10 mars, samkvæmt lögum SVH á að halda aðalfund í febrúar en aftur vegna tafa á veiðileyfum í umboðssölu dróst aðalfundurinn aðeins.

Eins og áður hefur gengið erfiðlega að fá félagsmenn til að taka þátt í starfi félagsins. Veiðileyfasala gekk vel og ánægja með umboðssölu. Hreinsun Hlíðarvatns gekk vel þó snjóað hafi nóttina fyrir hreinsun. Framkvæmdir við Djúpavatn skiluðu sér og ekki þurfti að kalla út nefndarmann vegna bilanna allt sumarið. Nágrannar okkar í Flatahrauni seldu húsnæðið og gott samstarf hefur verið nýja eigendur, búið að mála og sinna viðhaldi sem var orðið tímabært. Vilborg, Bjartur Ari og Veiga voru búin að undirbúa unglingastarf en engin skilaði sér, það verður þó áfram unnið að uppbyggingu uSVH.

Vilborg var áfram kjörin formaður og Finnbogi Albertsson og Sigurður Karlsson voru sjálfkjörnir í stjórn til næstu tveggja ára.
Varastjórn var sjálfkjörin en hana skipa María Petrína Ingólfsdóttir, Sigríður Hrólfsdóttir og Guðni Magnús Björnsson.



Lokahóf 2018

Lokakvöldið var að venju síðasta vetrarkvöld, SVH færir öllum þeim fyrirtækjum sem okkur styrktu með happdrættisvinningum bestu þakkir. Félagsmenn fjölmenntu að vanda og styrktu félagið með kaupum á happdrættismiðum, hafið þökk fyrir gott kvöld.





Styrktaraðilar

Eftirtaldir styrkaraðilar fá sérstakar þakkir fyrir að gefa happdrættisvinninga í lokahófinu. Framlag þeirra skiptir félagið miklu máli.

A. Hansen
Apotekarinn FK
Ásbjörn Ólafsson
Árvík
Fjarðarkaup
Friðrik Sigurðsson
Kakí
Kjarnafæði
Lax-á
María P. Ingólfsdóttir
N1
Nonni Gull
Promentus
Rafgeymasalan
Reykofninn
SS
Samhentir
Sigurður Arnþórsson
Sigurður Finnur
Valdemarson
Veiðiflugur
Veiðihornið
Veiðikortið
Veiðivon
Vesturröst

Uppskriftin

Grafinn silungur. að hætti Sigurðar Karlssonar
Það eru eflaust margir sem vilja prófa að grafa silung og eru með fulla kistu af fiski eftir sumarið sem þeir vilja nýta. Það er afskaplega einfalt að grafa silung.

Kryddblandan.
4 matskeiðar gróft salt
4 matskeiðar sykur
1/2 msk. Sítrónupipar
1/2 msk. Aromat
3 msk. Þurkað dill
1/2 tsk. Fennel krydd

Góð Ólifuolia

Blandið kryddunum vel saman í skál. Skolið bleikjuflökin og þerrið. Setjið álpappír á borðið og penslið þann hluta sem flakið er lagt á með olíu og stráið kryddblöndu þar á. Leggið með roðhliðina niður. Penslið fiskinn með olíu og setjið vel af kryddblöndunni yfir. Penslið síðan flakið og setjið kryddblöndu á, leggið síðan flakið ofan á hitt flakið og roðhliðina upp. Stráið smá kryddi yfir. Pakkið flakinu vel og þétt inn í álpappírinn. Látið standa í eldföstu móti eða fati í kæli og snúið á 12 tíma fresti í tvo sólarhringa, ef flökin eru lítil þá dugar einn sólarhringur. Nauðsynlegt er að hafa eldfast mót eða fat vegna þess að mikill vökvi fer úr fiskinum. Þegar fiskurinn er búinn að standa sinn tíma er hann tekinn úr álpappírnum og lagður á skurðarbretti. Taka svo góðan hníf og skafa kryddið af. Þerra fiskinn og strá þurkuðu dilli yfir.

Fiskurinn er bestur sé hann borinn fram eftir þetta ferli án þess að vera frystur á milli. Geymsluþol í kæli ca. 6 dagar. Að sjálfsögðu má að pakka honum inn í plast og frysta, best er að vacum pakka honum.

FK

FJARÐARKAUP

Hlíðarvatn yfirlit

Veiðin í Hlíðarvatni heldur áfram að sveiflast töluvert milli ára. Veiðin í fyrra var heldur minni en 2017. Hins vegar vakna alltaf spurningar um skráningu í veiðibækur, SVH var með 433 fiska á fimm stangir en Ármenn eru með 479 á þrjár stangir. Heildartalan í grafinu fyrir 2018 er ekki frá Veiðimálastofnun heldur úr veiðibókum Hlíðarvatns.







Vantar þig veislusal?

Hægt er að fá hinn glæsilega sal SVH leigðan, sjá einnig www.svh.is.
Upplýsingar veitir: Sigríður símar: 5653602 eða 8923037, einnig skrifstofa SVH: 5654020

RAFGEYMASALAN
Dalshrauni 17 Hafnarfirði 565 4060
sala@rafgeymar.is www/rafgeymar.is

Frá ritstjóra

Kæru félagar
Tímarnir breytast og mennirnir með segir sagan. Félagsblaðið okkar, Agnið, hefur verið gefið út á prenti í 25 ár en trúlega verður nú breyting á.
Auglýsingar í Agninu standa ekki undir prentun og póstkostnaði, því er líklegt að Agnið verði söluskrá í framtíðinni frekar en félagsblað og fréttir af félagslífi verði nær eingöngu á vef félagsins og samfélagsmiðlum.

Ekki eru allir vel að sér í tölvumálum og hafa þarf í huga að þeir geti einnig fylgst með félaginu í prentuðu máli þó það verði einfaldara blað en nú er prentað.

Ljóst er að félagið þarf að bæta upplýsingar um veiðisvæði á vefnum og gera þeim hærra undir höfði enda aðalmálið fyrir félagsmenn. Allar ábendingar um það sem betur má fara á vefnum má senda á ritstjóra á svh@svh.is.

Á síðasta ári var í fyrsta sinn hægt að sækja um veiðileyfi í gegnum vefinn, miðað við undirtektir þá er greinilegt að félagar kjósa frekar að sækja um á vefnum.

Félagið mun halda áfram að bæta vefmálin og bæta fréttaflutning af viðburðum í félagslíf og starfi SVH jafnóðum og hlutirnir gerast.

Haraldur Víðisson

Aðalfundur 2019

Aðalfundur Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar verður haldinn laugardaginn 9 febrúar 2019 kl. 13:00 í samkomusal félagsins að Flatahrauni 29. Hafnarfirði

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf og bikarafhending.
Framboð til stjórnar og varastjórnar:

Samkvæmt lögum félagsins skal skila skriflegum framboðum til setu í stjórn SVH.

Þann 27.2.2019 rann út frestur til að skila framboðum skriflega eins og auglýst var í tölvupósti. Engin mótframboð bárust við sitjandi stjórn.

Félagar eru hvattir til að mæta.

Kaffi og vöfflur að loknum aðalfundarstörfum



Efnilegasta silungaflugan 2018

Í fyrsta sæti 2018 var Von eftir Maríu Petrínu Ingólfdóttur, í öðru sæti var Vigna eftir Arndísi Einarsdóttur og í því þriðja var Ljónið eftir Ásmund Guðjón Ársælsson.

Von

Vigna

Ljónið

Efnilegasta silungaflugan 2019

Fræðslu- og skemmtinefnd efnir til samkeppni um efnilegustu silungafluguna fyrir sumarið 2019. Öllum félagsmönnum í SVH er heimil þátttaka.

Þátttökureglur:
Flugan skal vera silungafluga en útfærsla að öðru leyti frjáls. Dæmt verður fyrir handbragð, frumleika og hversu veiðileg flugan þykir.
Flugunni skal skila í síðasta lagi á opnu húsi **fimmtudaginn 11 apríl.** Skila skal tveimur eintökum af flugunni ásamt nafni flugunnar og uppskrift. Nafn höfundar ásamt símanúmeri skal fylgja með í lokuðu umslagi merktu nafni flugunnar, dulnefni höfundar og keppnisflokki.

Flugurnar verða dæmdar af óháðum aðilum. Áskilinn er réttur til að birta mynd af verðlaunaflugunum og uppskriftir í Agninu og á vef SVH.

Opin dagur í Hlíðarvatni

Þann 9 júní 2019 verður opin dagur í Hlíðarvatni frá kl 9 - 17, tilvalið tækifæri fyrir fjölskyldur og veiðiáhugafólk að renna fyrir fisk og njóta leiðsagnar reyndra veiðimanna sem verða á staðnum.

Leyfilegt agn eru flugur og spúnn.

Allir velkomnir.

REYKOFNINN EHF.

Reykofninn ehf
Skemmuvegi 14 bleik gata
200 Kópavogi
Sími 557 2122

Nonni Gull

Handverk í sérflokki

Strandgötu 37 ● sími: 5654040 ● www.nonnigull.is

Vetrarstarfið

Vetrarstarfið okkar hófst á óvenjulegan hátt í janúar. Fish Partner og SVH hófu samstarf um námskeið og því var fyrsta opna húsið ekki fyrr en 24 janúar.

Opnu húsin eru eins og áður alltaf á fimmtudagskvöldum kl. 20 að Flatahrauni 29.

Nýjir félagar: Endilega kíkið við hjá okkur. Heitt á könnunni.

Vonandi náum við að hafa einhverja fyrirlestra eða kynningar fram á vorið og fylgist með, því við munum senda ykkur póst um atburði.

Hér kemur vetrardagskráin með fyrirvara um kynningar sem verða auglýstar sérstaklega.

Í febrúar

Hnýtingar og spjall 7, 14, 21 og 28, stangasmíði námskeið á vegum Fish Partner 18-20.

Í mars

Hnýtingar og spjall 7, 14, 21 og 28m og Fish Partner með Þurrflugu námskeið 13 mars og "Setja í þann stóra" 27 mars.

Í apríl:

Hnýtingar og spjall 4 og 11. Lokaskil á efnilegustu silungaflugunni í opnu húsi 11 apríl.

Fastur liður í vetrarstarfinu er lokahófið sem er haldið síðasta vetrardag, 24 apríl og þá er happdrætti með fjölmörgum glæsilegum vinningum. Takið kvöldið frá.

Síðan er Hlíðarvatnshreinsunin síðustu helgina í apríl 27 og 28.

Umsókn veiðileyfa

Skilafrestur er til og með
laugardags 23 febrúar 2019
Ekki verður tekið við umsóknum eftir þann tíma.
ATHUGIÐ! Einungis skuldlausir félagar geta sótt um.

Hægt að skrá veiðileyfa-umsóknir á www.svh.is

Á næstu síðum má sjá úrval veiðileyfa á vegum SVH, þegar umsókn er fyllt út skal tilgreina skal nákvæmlega þann dag/daga sem óskað er eftir en í athugasemdum má taka fram hvaða annar dagur eða tímabil komi til greina. Við úthlutun er tekið tillit til hversu margir félagar sameinast í umsókn um ákveðinn dag. Af gefnu tilefni er bent á, að erfiðlega getur reynst að uppfylla óskir þeirra félaga, sem sækja einir um fleiri en eina stöng í Hlíðarvatni á eftirsóttum tíma.

Athugið sérstaklega þá breytingu sem verður á sölu leyfa í Hlíðarvatni eftir Verslunarmanna–helgina. Í ágúst og september eru leyfin seld sem "pakki" - greitt fyrir þrjár stangir.

Annað sem verður að benda á er að ekki er lengur heimilt að skila stökum stöngum úr heilum hollum. Geti menn ekki nýtt sér það sem þeir sækja um og fá verða þeir sjálfir að sjá um að losna við stöngina sína.

Vinsamlegast skráið heima- og vinnusíma á umsóknina ásamt tölvupóstfangi!

Umboðssöluleyfin:
Að gefnu tilefni mun stjórn SVH haga því varðandi leyfi sem við erum með í umboðssölu að þar þarf að greiða 30% staðfestingargjald, 10 dögum eftir úthlutun. Ef ekki er greitt fara leyfin til annarra - eða skilað til söluaðila.
Um er að ræða: Fossála, Hrollleifsdalsá, Grenlæk, Jónskvísl og Sýrlæk, Geirlandsá.

Veiðikortið:
Eins og áður verður Veiðikortið 2019 til sölu við úthlutun hjá okkur. Verð til félagsmanna SVH er að sjálfsögðu lægra en á almennum markaði.

Hlíðarvatn í Selvogi

Staðsetning:
Þetta frábæra veiðivatn er í einungis 45 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði og hefur um árabil verið eitt virtasta og gjöfulasta bleikjuveiðivatn landsins.

Leyfilegt agn: Fluga og spúnn.

Félagið hefur til umráða fimm stangir á dag og er veiðitíminn frá 1. maí til 30. september. Verð á stöng er mismunandi eftir tímabilum. Í maí, júní og júli er verðið kr. 6.000 á virkum dögum og kr. 7.000 um helgar.

Í ágúst og september verður breyting á leyfunum, frá 2. ágúst og í september verða þrjár stangir seldar saman í "einum pakka".

Frá 2. ágúst og út september er því verðið 12.000 kr dagurinn virka daga en 15.000 kr. dagurinn um helgar. Afnot af mjög góðu húsi eru innifalin og má koma í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.

Eftirfarandi dagar eru ekki til úthlutunar núna 2019:
10 maí, 9, 10, 12 júní, 13, 16 júlí, 11, 12, 19, 20 ágúst

Síðustu helgina i apríl ár hvert er farið austur að Hlíðarvatni til hreinsunar á fjöru og landi, nú er það helgin 27. og 28 apríl 2019
Félagsmenn eru hvattir til að mæta í þá ferð.

Djúpavatn á Reykjanesi

DJÚPAVATN á Reykjanesi, bleikja og urriði

Sannkölluð fjölskylduparadís við túnfótinn, ½ tíma akstur frá Hafnarfirði, veiðihús með 8 – 10 svefnplássum, gott útigrill og fallegt umhverfi.

Stangarfjöldi er takmarkaður við 10 stangir og eru aðilar beðnir um að virða það. Athugið að ef sótt er um samliggjandi helgardaga, þá eru föstudagar - laugardagar saman og sunnudagar - mánudagar saman.

Verð fyrir húsið og allt vatnið er eftirfarandi:
16.000 kr. á dag á virkum dögum og 19.000 kr. á dag um helgar.
Gilda sömu reglur um komu í hús og fyrir Hlíðarvatn, þ.e. koma má í hús og hefja veiði kl. 18 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18 á skráðum veiðidegi.
Athugið - veiði á bátum er bönnuð.

Veiðitímabil er frá 1. júní til 25. september. Eftirfarandi dagar eru ekki til úthlutunar núna 2019: 12, 19 júní, 19, 20 júlí, 7, 8 ágúst, 2 sept.

Á hverju sumri er sleppt talsverðu af vænum fiski í vatnið, svo verður einnig núna.

Kleifarvatn

KLEIFARVATN, bleikja og urriði

Seld verða sumarkort og veiðileyfi einstaka daga eins og áður. Athugið einungis er leyft að veiða á flugu, spón og maðk og veiði á bátum er bönnuð.

Verð sumarkorta, er kr. 3.000 en kr. 4.000 til utanfélagsmanna. Þeir sem eru 67 ára og eldri fá sumarkortið frítt.

Frá 1.apríl er hægt að versla sumarkort á kr. 4.000 og dags leyfi kr. 2.000 á N1 við Lækjargötu og einnig inni á vefnum www.leyfi.is

Fossálar

Staðsetning:
Fossálar eru á Síðu í V-Skaftafellssýslu um 15 km austan við Kirkjubæjarklaustur. Ekinn er þjóðvegur 1 sem leið liggur yfir brúna yfir Fossálana og tekinn fyrsti vegslóði til hægri af þjóðvegi 1 í gegnum merkt hlið. Þar er slóðanum fylgt, sem er vel merktur þar til að húsinu kemur. Veiðisvæðið nær frá landamerkjum gegnt Orrustuhól, rétt ofan gömlu þjóðvegarbrúarinnar og til merkja á Brunasandi þar sem veiðisvæði Vatnamóta tekur við.

Veiðitilhögun:
Veiðitímabil er frá 20. júní – 18. okt.
Húsið er leigt út í fjóra daga í senn yfir sumartímann sem stendur frá 20.júní til 7.ágúst ásamt þremur stöngum frá 22. júní til 7. ágúst.
Eftir 7. ágúst er veitt í tvo stangardaga með skiptingu á miðjum degi og veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímann. ATH stangirnar eru seldar saman.
Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon.
Sjá nánar á www.svfk.is

Fossálar: 3 stangir

18-22 júlí	2.200 st á dag. 3 st í 4 daga = 26.400
30 júlí-3 ágú	2.200 st á dag. 3 st í 4 daga = 26.400
19-21 ágúst	15.900 st á dag.
27-29 ágúst	20.600 st á dag.

Grenlækur

Staðsetning:
Grenlækur er staðsettur í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklausturs og er beygt til hægri af þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Þar er ekið sem leið liggur í átt að Arnardrangi en tekinn afleggjari um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang.

Veiðihús:
Veiðihús er á besta stað í hraunjaðrinum rétt áður en komið er í Flóðið. Húsið er rafvætt og skiptist þannig að það er eldhús, setustofa, snyrting og sturta í annarri álmunni og fjögur tveggja manna (kojur) svefnherbergi í hinni. Gasgrill er á staðnum. Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Leiðarlýsing að húsi:
Beygt til hægri af þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Þar er ekið sem leið liggur í átt að Arnardrangi en tekinn afleggjari um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang.
Þar er ekinn slóði sem liggur í hraunlendi með fram túninu, niður brekku síðan er beygt til vinstri og sést þá húsið sem staðsett er í hraunjaðrinum.

Grenlækur: 4 stangir
7-9 ágúst 14.000 st á dag.
10-12 okt 15.000 st á dag.

Hrollleifsdalsá

Staðsetning:
Áin fellur í austanverðan Skagafjörð um 18 km norðan Hofsóss rétt sunnan við kirkjustaðinn Fell í Sléttuhlíð. Þetta skemmtilega veiðisvæði býður upp á mjög fallega sjóbleikju, urriða og laxavon. Húsið er staðsett í landi Tjarna. Ekinn er þjóðvegur nr. 76 framhjá bænum Tjarnir sem leið liggur yfir brúna og tekinn fyrsti afleggjari til hægri.

Veiðitilhögun:
Veitt er í tvo stangardaga frá hádegi til hádegis og veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímann. Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21. Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon frá ósi og að brúnni á Siglufjarðarvegi. Þar fyrir ofan er spónn ekki leyfður. ATH stangirnar eru seldar saman.

Veiðihús:
Ágætis veiðihús er við ána. Húsið er með tveimur tveggja manna herbergjum auk svefnlofts. Einnig er góður svefnsófi á staðnum. Þá er einnig heitt vatn ásamt sturtu. Húsið er rafvætt og helstu tæki eru til staðar, svo sem eldavél, ísskápur, kaffivél, brauðrist ofl. Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag. Veiðimönnum ber að þrífa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl. Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Hrollleifsdalsá: 3 stangir

14-16 júlí	10.900 st á dag
28-30 júlí	10.900 st á dag
7-9 ágúst	10.900 st á dag
25-27 ágúst	10.900 st á dag
4-6 sept	8.900 st á dag
10-12 sept	8.900 st á dag.

Geirlandsá

Staðsetning:
Geirlandsá á Síðu er staðsett í V-Skaftafellssýslu og er án vafa ein af bestu sjóbirtingsám landsins. Veiðivon er fyrst og fremst mjög vænn sjóbirtingur með þó nokkurri laxveiði og bleikjuvon.

Leiðarlýsing að húsi
Ekið er sem leið liggur eftir þjóðvegi 1 til Kirkjubæjarklausturs. Beygt er við hringtorgið á Kirkjubæjarklaustri og keyrt inn áfram um 3 km á veg 203 sem er Geirlandsvegur. Þar skammt innan við bæinn Geirland er tekin vinstri beygja inn heimreiðina að veiðihúsinu sem er staðsett í skógarlundi undir fjallinu Kylli.

Veiðitilhögun
Veiðitíminn er frá 21.júní til 18.október og auk þess vorveiði (sjóbirtingur) sem hefst 1.apríl ef aðstæður leyfa. Útseld veiðitímabil í vorveiði er tveir dagar með skiptingu á miðjum degi. Í haustveiði sem er tíminn frá 3. ágúst til 18. okt. eru seldir tveir dagar saman með skiptingu á miðjum degi. Veitt er með fjórum stöngum allan veiðitímann.
Frá 20.september til 18.október er leyft að veiða í veiðistað númer 15 Flatarhyl og niður á neðsta veiðistað, sama gildir fyrir vorveiðina. Heimilt er að tveir menn deili með sér einni stöng og skulu þeir fylgjast að við veiðar í ánni. Leyfilegt er að veiða á flugu, maðk, spón eða devon.
ATH. Í vorveiði er eingöngu leyft að veiða á flugu, spón og devon. Þá er mönnum frjálst að veiða og sleppa.
Sjá nánar á www.svfk.is

Geirlandsá: 4 stangir

17-19 apríl	19.800 st á dag
15-17 ágúst	25.100 st á dag
4-6 sept	50.500 st á dag
8-10 okt	50.500 st á dag.

leyfi.is